

að sjá um, að það sje gjört, en annars fái hún ekki betur sjeð, að svo miklu leyti sem hún má skynja, hversu til hagar, en að fá megi samt sem áður ætíð að kalla vitneskju um viðtakendurna, sje þess gætt á Íslandi, að hlutaðeigandi skipstjórar láti í tje allar nauðsynlegar vísbendingar um varninginn, eptir farmtökuskírteinum þeirra («konnossementum») og öðrum hleðsluskjölum, og að afgreiðslumenn skipanna og aðrir hlutaðeigendur gæti svo reglu í þessu efni, sem vera ber.

Um böggul þann með 1000 «sígarettum» í, er þjer minnizt á í brjefi 17. okt., herra landshöfðingi, og sömuleiðis um þá tvo vindlaböggla, með 300 vindlum í öðrum og 400 í hinum, er eigi hafa fundizt neinir viðtakendur að, er auk þess fengin sú vitneskja, að þá hefir veitingamaður póstgufuskipsins haft með sjer, án þess að þeir væru taldir með vistaforða þess, og hefir hann að líkindum eigi flutt þá í land á Íslandi, heldur selt þá úti á skipinu. Um það, að einn maður á Íslandi á að hafa fengið 8000 vindla, þar sem honum voru eignaðir 10,000 á tollseðlinum, og tveir aðrir 6500 í stað 9000, sem skráð var á tollseðlinum, hefir fengizt sú vitneskja, að vindlatalan hefir verið sett á tollseðilinn eptir því, sem til var sagt í útflutningsskýrslunum, en er þeir sem vindlana sendu, voru um það spurðir, hvornig á því stöði, sögðust þeir í raun og veru eigi hafa sent fleiri vindla en þeir töldust á Íslandi, og er haldið, að hin ranga tala hafi verið sett í skýrslurnar af tollafgreiðslumanni þeim eða sendimanni, er annazt hefir afgreiðsluna fyrir hönd þeirra, er vindlana sendu. Að því er snertir þriðja vindlabaggann, er reyndist að einn hafa að geyma 5000 vindla í stað 7000, sem í tollseðlinum stóð, þá hefir sá, sem þá sendi, sagzt eigi hafa vitað vindlatöluna, og hefir því afgreiðandinn sjálf sagt þétt þessari tölu við.

Að endingu hefir aðalstjórn skattamálanna þétt því við, að út af því, er þannig hafi að borið, hafi verið tekið til íhugunar, hvort hægt væri frá hálfu tollstjórnarinnar að gjöra nokkra frekari ráðstöfun til að taka fyrir, að slíkt beri optar að; en segir, að það sje hvorttveggja, að tollstjórnin geti eigi samkvæmt fyrirmælum tolllaganna neytt neinn til að tilgreina nafn þess, er vörurnar eiga að fara til, enda yrði og tollgæzlumönnum eigi unnt að líta eptir, hvað margir vindlar væri í vindlaböggum til Íslands, sakir þess, að þeir hafa svo margt annað að gjöra, og eptir reglum þeim, er þeim eru settar; sje því komið undir þeim, er vörurnar senda, hvort þeir vilji eða geti látið í tje áreiðanlegar vísbendingar í því efni. En til þess að stuðla að því, að gætt verði þess frá hálfu þess, er vörurnar sendir, sem óskt er í þessu efni, hafi yfirumsjónarmenn tollgæzlunnar í Kaupmannahöfn lagt svo fyrir hafnargjaldsstofurnar, að þær biðji þá, sem vörurnar senda, um leið og bókaðar sjeu útflutningsskýrslurnar, að tilgreina rjetta tölu á vindlum þeim, er flytjast eigi til Íslands, að svo miklu leyti sem því verði við komið, og að vonandi sje, að með því móti muni smámsaman takast að burtrýma að mestu leyti að minnsta kosti slíkum agnúum og hjer ræðir um.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til hins setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu um fjárrekstrabann.* — Með brjefi frá í dag hafið þjer, herra lögreglustjóri, sent mjer bónarbrjef Tómasar Ingimundssonar á Egilsstöðum í Ölfusi um leyfi til að flytja nokkrar sauðkindur heim til sín austan yfir Ölfusá. Hafið þjer látið í ljósi þá skoðun, að með því að kláðavottur hafi komið fram í vetur á nokkrum bæjum í Borgarfjarðarsýslu, Sel-

67 3 tjarnarness og Álptanesshreppum, er ekki hafa verið framkvæmdar alveg tryggjandi lækningar á, sje ekki takandi í mál, að nema úr gildi að nokkru eða öllu leyti fjárrekstrabann það, er liggur á takmörkum kláðasvæðisins, og bendið þjer þar að auki á, að ekki virðist vera nęgar ástęður til, að veita nefndum fjäreiganda sjerstaklega undantekningu undan hinu almenna rekstrarbanni.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
ađeiganda, að leyfi það, sem sótt hefir verið um, verður sem stendur ekki veitt.

68 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vanskil á gjöldum fyrir afgreiðslu frakkneskra fiskiskipa.* — Út af því að erindreki konungs í París hefir tekið það fram í skýrslu einni til utanríkisráðherrans, að utanríkisráðherra Frakkastjórnar geti eigi komið það vel, að allt af sje verið að koma með kröfur stjórnarveginn um borgun á gjöldum fyrir afgreiðslu frakkneskra fiskiskipa samkvæmt lögum 17. desember 1875 um breytingu á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febrúar 1872, með því að gjaldið nemi optast mjög svo litlu, í samanburði við þá hina miklu fyrirhöfn, er það valdi, og allan þann fjölda valdsmanna, er verði að takast verk á hendur fyrir það, hefir ráðgjafanum sýnzt það reynandi, til þess að sem minnst að auðið er þurfi að koma til þeirra kasta, er stjórnarerindi reka ríkja á milli, um heimtu á smágjöldum þeim, er hjer ręðir um, að leitast við að fá gjöld þessi greidd með því móti, að þegar sýslumönnum tekst eigi að ná þeim hjá formönnum fiskiskipanna, snúi þeir sjer til foringja hinnar frakknesku sjóliðsvarðdeildar á Íslandi, undir eins og hann kemur, og beiðist borgunar af honum, og mun hann varla skorast undan að greiða hana, ef sýslumaður færir nęgilegar sönnur á mál sitt; en komi foringinn eigi, sendi sýslumennirnir kröfur sínar til yðar, herra landshöfðingi, og eruð þjer beðnir að leggja þær fyrir foringjann, er hann kemur til Reykjavíkur, og skora á hann að greiða fjeð. Skyldi samt sem áður verða nauðsynlegt, að leita aðgjörða ríkisstjórnarerindsreka í þessu efni, hefir ráðgjafinn samkvæmt ósk sendiherrans kveðið svo á, að safna skuli fyrir kröfum þeim, er berast kynnu um þetta, og senda þær síðan utanríkisráðgjafanum til frekari aðgjörða einu sinni á ári, sem sje undir eins og síðasta póstgufuskip er hingað komið, og eiga því sýslumenn, ef til kemur, að senda yður, herra landshöfðingi, slíkar kröfur nógu snemma.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að kenna sýslumönnum þær reglur, sem við þarf í þessu efni, og verður jafnframt að biðja yður að brýna af nýju fyrir þeim boð ráðgjafans 8. júní f. á. um, að sýslumenn kosti eptir megni kapps um, að ná af sjálfs sín rammleik í gjöldin hjá hinum útlendu fiskiskipum.

69 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun yfirsetukvenna.*
14. apríl. — Í þóknanlegu brjefi 24. febr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að með því að fyrirkomulag það á yfirsetukvennaskipun, er fyrir er mælt um í lögum 17. desbr. 1875, sje eigi komið á í suður- og vesturumdæminu, en það skipti yfirsetukonurnar í Reykjavík nokkru, vegna þess, að nokkuð af suðuramtinu liggi í þeirra umdæmi eptir hinu eldra fyrirkomulagi, hafið þjer boðið að greiða þeim þetta ár hin árlegu laun, er þeim eru veitt í 11. gr. fjárlaganna, 124 kr. hvorri. Jafnframt þessu hafið þjer ítrekað